

Samningur Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Landspítala um vinnustaðanám og starfsþjálfun sjúkraliðanemenda

1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) kt. 590182-1099 og Landspítali kt. 500300-2130.

Aðilar samningsins áforma að eiga samstarf um kennslu og leiðsögn nemenda á sjúkraliðabraut FB.

Ákvæði samningsins gilda um nám og þjálfun nemenda við FB sem sækja vinnustaðanám og starfsþjálfun á Landspítala (sjá fylgiskjal 1). Í samningi þessum vísar vinnustaðanám til ólaunaðs náms og starfsþjálfun til launaðrar starfsþjálfunar. Reglur sjúkraliðabrautarinnar gilda um námið eftir því sem við á en ef þær reglur eru ósamrýmanlegar samningi þessum, gilda ákvæði samningsins.

2. Grundvöllur

Landspítali leitast við að veita þeim nemendum, sem FB óskar eftir að stundi vinnustaðanám innan spítalans, aðstöðu til þess sem og aðgang að viðeigandi efniviði í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytisins. Landspítali leitast jafnframt við að veita nemendum, sem óska eftir að stunda starfsþjálfun innan spítalans, aðstöðu til þess með sama hætti. Á grundvelli samningsins eru gerðar verklagsreglur um einstaka þætti (fylgiskjal 1).

3. Umsjónaraðili/námsstjórn

FB hefur umsjón með náminu og annast umsýslu þess, þ.e. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, upplýsingar í kennsluskra og annað. Við upphaf vinnustaðanáms á Landspítala skal nemendum kynnt hvaða réttindi og skyldur þeir hafa.

4. Fjárhagsleg samskipti

Laun til nemenda í starfsþjálfun (sjá fylgiskjal 1) eru greidd af Landspítala enda eru gerðir ráðningarsamningar við nemendur. FB greiðir sérstökum sjúkraliðum sem taka að sér leiðsögn nemendanna í vinnustaðanámi innan Landspítalans kennslulaun samkvæmt kjarasamningum.

5. Aðgangur að gögnum spítalans og þagnarskylda

Aðgangur nemenda að gögnum spítalans fellur í öllum tilvikum undir reglur Landspítala um aðgangsheimildir og aðrar reglur, sem þar eru í gildi. Öllum þeim sem að vinnustaðanáminu / starfsþjálfuninni koma er óheimilt að viðlagðri ábyrgð að skýra óviðkomandi aðilum frá atriðum, er þeir fá vitneskju um, í námi, starfi eða við kennslu á Landspítala og leynt skal fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum kennara / yfirmanna eða eðli máls.

Kennslustjóri sjúkraliðabrautar FB sér til þess að nemendur í vinnustaðanámi skrifi undir þagnareið áður en vinnustaðanám hefst á Landspítala (fylgiskjal 3). Nemendur í starfsþjálfun undirrita þagnarskyldu um leið og þeir skrifa undir ráðningarsamning.

6. Réttindi og skyldur nemenda

Nemendur FB, sem stunda vinnustaðanám á Landspítala samkvæmt samningi þessum, hafa margvísleg réttindi og skyldur innan Landspítala meðan á námsdvöl stendur (sjá fylgiskjal 2). Nemendur í starfsþjálfun njóta réttinda í samræmi við ráðningarsamning.

7. Gildistími og uppsögn

Samningurinn gildir í 5 ár frá undirritun. Aðilar samningsins geta á gildistímanum haft frumkvæði að breytingum á honum og skal það gert ef forsendur breytast að verulegu leyti.

Reykjavík, 15. desember 2009

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir
skólameistari
Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Björn Zoëga
forstjóri
Landspítala

Fylgiskjal 1.

Samkvæmt samningi þessum felst vinnustaðanám og starfsþjálfun á Landspítala í eftirfarandi:

Vinnustaðanám

Áfangar: VIN 105, VIN 205 og VIN 305.

Hver áfangi: 5 vikur, alls 15 vaktir.

Nemendur frá FB skulu alla jafna byrja vinnustaðanám í 38.–39. viku á haustönn og í 8. –9. viku á vorönn. Áætlun og beiðni FB um fjölda námsplássna fyrir næsta skólaár og skiptingu á deildir, skulu sendast menntadeild Vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala um miðjan júní ár hvert vegna haustmísseris, en í september fyrir vormísseri. Menntadeild mun svara beiðni FB eigi síðar en mánuði eftir að beiðni berst.

Starfsþjálfun

Áfangi: STÞ 108 og 208

Starfsþjálfun fer fram á heilbrigðisstofnunum og stendur yfir í sextán vikur (80 vaktir), miðað við 100% starf. Heimilt er að skipta starfsþjálfun niður í tvö til þrjú tímabil, en þjálfunin skal þó vera samfelld á hverju tímabili og lágmarksvinnuhlutfall ekki fara undir 60%. Markmið starfsþjálfunar er að nemandi þjálfist í störfum sjúkraliða, kynnist vaktaskipulagi deilda/stofnana og fái tækifæri til að bæta við sig þekkingu á ýmsum þáttum hjúkrunar. Nemendur skulu sjálfir sækja um starfsþjálfun á heimasíðu Landspítalans undir liðnum laus störf. Til þess að umsókn sé tekin gild þarf að fara eftir leiðbeiningum á heimasíðu og láta fylgja vottorð frá skólanum þar sem fram kemur að umsækjandi hafi lokið öllum áföngum sem eru nauðsynlegir undanfarar starfsþjálfunarinnar sem sótt er um. Landspítali leitast við að koma til móts við þarfir sjúkraliðanema fyrir starfsþjálfun.

Fylgiskjal 2.

Réttindi og skyldur nemenda

- Um ábyrgð gagnvart sjúklingum gilda ákvæði laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, meðan á klínísku námi stendur, enda vinna nemendur á ábyrgð starfsmanna Landspítala, sem leiðbeina þeim hverju sinni.
- Skv. III. kafla laga um almannatryggingar, 24. gr. er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila.
- Nemendur hafa aðgang að mötuneytum Landspítala og fá afnot af vinnufatnaði meðan á vinnustaðanámi stendur. Þeir fá aðgang að bókasafni og upplýsingaþjónustu Landspítala á sama hátt og aðrir nemar.
- Nemendur skulu bera auðkenniskort sem sýna greinilega að þeir eru nemendur og bera það meðan á vinnustaðanáminu stendur. Óheimilt er að nota kortið þegar neminn er ekki í vinnustaðanámi. Þegar kortið er runnið út ber nemanda að farga því.
- Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum í fyrsta sinn¹. Niðurstöðu prófsins skal sýna kennslustjóra sjúkraliðabrautar FB.
- Nemendum í heilbrigðisgreinum er ráðlagt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu B nema læknisfræðileg rök mæli gegn því. Bólusetningar eru gerðar á heilsugæslustöðvum. Bólusetningaferlið tekur 6 mánuði (3 sprautur) og hefst þá áður en verklegt nám hefst á spítalanum¹.
- Ef nemandi hefur unnið á, dvalist á eða fengið meðferð á erlendum sjúkrostofnunum sl. sex mánuði fyrir vinnustaðanám eða starfsþjálfun þarf að skima fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus). Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en aðgangur er veittur að klínískum deildum¹. Niðurstöðu prófsins skal sýna kennslustjóra sjúkraliðabrautar FB.
- Samningsbundin réttindi fara eftir ákvæðum einstakra samninga. Laun nemenda í starfsþjálfun fara eftir gildandi kjarasamningum.

¹ Heilsuvernd – Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala frá 2008

Fylgiskjal 3.



Þagnarskylda

Ég undirrituð / undirritaður staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í námi eða starfi á Landspítala eða öðrum heilbrigðisstofnunum og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna / starfsmanna eða eðli máls.

Þagnarskyldan nær til allrar vitneskju um sjúklinga, sjúkdóm þeirra, meðferð og annarra persónulegra upplýsinga og helst hún þó að sjúklingur andist. Ákvæði laga og reglna um þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna eiga við um þagnarskyldu mína.

Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi, ljúki námi eða hætti.

Ég heiti því að virða þagnarskyldu þá sem lýst er hér að framan.

Staður og dagsetning

Undirskrift nemanda og kennitala